



Minnisblað

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Áhrif Covid-19 á rekstur sviða Reykjavíkurborgar á árunum 2020-2021

Heimsfaraldur vegna Covid-19 hafði töluverð áhrif á rekstur allra sviða Reykjavíkurborgar. Ýmsar stofnanir s.s. sundlaugar og söfn þurftu að loka eða takmarka starfsemi sína verulega með tilheyrandi tekjutapi, skólastofnanir og velferðarstarfsemi fóru í gegnum miklar aðlaganir til að halda grunnþjónustu gangandi sem kostaði bæði útsjónarsemi og fjármuni, styrkir voru veittir til íþróttafélaga og menningarstofnanna og svo mætti áfram telja.

Borgarráð samþykkti sömuleiðis í mars 2020 aðgerðir til að bregðast við faraldrinum þar sem lögð var áhersla á velferð borgarbúa og stuðning við endurreisn fyrirtækja og atvinnulífs.

Í eftirfarandi töflu hafa verið tekin saman helstu áhrif faraldursins á tekjur og útgjöld Reykjavíkurborgar bæði vegna ára 2020 og 2021. Útgjöldin eru sundurliðuð eftir árum, sviðum og helstu aðgerðum. Upplýsingarnar í töflunni byggja á mati sviða borgarinnar um fjárhagsleg áhrif faraldursins á starfsemi þeirra. Vakin er athygli á að taflan sýnir kostnað sem rekja má að mestu leyti beint til Covid-19 en til viðbótar má gera ráð fyrir að ýmis afleiddur kostnaður hafi fylgt faraldrinum sem erfiðara er að sundurgreina. Þá er í töflunni ekki tekið tillit til kostnaðar vegna veittra gjaldfresta, sveigjanleika í innheimtu, aðgerða í upplýsingatæknimálum, fjárfestingaáttaks borgarinnar eða launakostnaðar sem greiddur var starfsmönnum í einangrun/sóttkví. Þá hafði faraldurinn áhrif á útsvarstekjur borgarinnar til lækkunar í samanburði við fjárhagsáætlanir en gera ráð fyrir að sú fjárhæð nemi 2,5 - 3,0 ma.kr. samanlagt vegna ára 2020 og 2021.

Aðgerðir 2020 (Fjárhæðir í þús.kr.)	SFS	ÍTR	MOF	USK	VEL	FAS	MOS	PON	RHS	ÖNN	Heild.kostn.
Tekjutap - lokun/minni umsvif	518.963	267.100	202.000	409.865	79.197						1.477.125
Kostn.lækkun - laun		-103.000	-15.000								-118.000
Kostn.lækkun - laun					307.588						307.588
Kostn.lækkun - v. minni umsvifa	-108.000										-108.000
Kostn.lækkun - kostnaður v. Covid 19	286.135	8.011	8.442	98.781	115.271	1.371	399	140.135	895	24.939	684.378
Kostn. lækkun - eigin þrif	120.000										120.000
Kostn. lækkun - aukin mönnum vegna hólfunar í skólustarfi ofl.	540.000										540.000
Viðbótarframlag til sjálfstætt rekinna leikskóla og fristundaheimila vegna lækkaðrar gjaldtöku af völdum Covid-19	14.690										14.690
Kostn.lækkun - stuðningur við íþróttafélög		135.000									135.000
Viðburðir sem ekki voru haldnir v. Covid-19		-25.000									-25.000
Kostn.lækkun - stuðningur Leikfélags Reykjavíkur/Tjarnarbíó-Sjálfstæðu leikhúsin			52.000								52.000
Kostn.lækkun - stuðningur Höfuðborgarstofa			51.272								51.272
Kostn.lækkun - Harpa			128.000							166.000	294.000
Ýmsir viðbótarstyrkir			53.559								53.559
Kostn.lækkun - vegna viðbragða Sumarborgin				60.830							60.830
Kostn.lækkun - vegna viðbragða Vinnuskólinn				160.407							160.407
Tímabundin tilslökun á kröfum um fjárhagsaðstoð vegna Covid-19					25.000						25.000
Mötuneytiskostnaður								-734			-734
Kostn.lækkun - viðspyrna - atvinnuáttak										261.165	261.165
Samtals	1.371.788	282.111	480.272	729.883	527.056	1.371	399	139.401	895	452.105	3.985.280
<i>P.a. samþykktir viðaukar í borgarráði</i>	<i>299.700</i>	<i>135.600</i>	<i>159.458</i>	<i>222.907</i>	<i>345.529</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>123.910</i>	<i>0</i>	<i>261.165</i>	<i>1.548.270</i>

Aðgerðir 2021 (Fjárhæðir í þús.kr.)	SFS	ÍTR	MOF	USK	VEL	FAS	MOS	ÞON	RHS	ÖNN	Heild.kostn.
Tekjutap - lokun/minni umsvif	113.576	87.400		206.262	54.388						461.626
Kostn.hækkun - laun			7.500		129.280						136.780
Kostn.hækkun - kostnaður v. Covid-19	188.661	270	3.190	81.283	91.500	267	40.500	46.772	12		452.455
Kostn. hækkun - eigin þríf	120.000	7.767									127.767
Kostn. hækkun - aukin mönnun vegna hólfunar í skólasterfi ofl.	944.000										944.000
Kostn.hækkun - stuðningur Leikfélag Reykjavíkur/Tjarnarbíó-Sjálfstæðu leikhúsin			31.000								31.000
Kostn.hækkun - stuðningur Höfuðborgarstofa			98.948								98.948
Kostn.hækkun - Harpa			135.000								135.000
Ýmsir viðbótarstyrkir		5.000	921								5.921
Kostn.hækkun - vegna viðbragða Sumarborgin				57.911						21.838	79.749
Kostn.hækkun - vegna viðbragða Vinnuskólinn				166.712							166.712
Mötuneytiskostnaður								22.630			22.630
Fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid-19 á börn og unglinga					40.000						40.000
Barnavernd Reykjavíkur - aukning stöðugilda					116.000						116.000
Vinnu- og virkniáðgerðir í kjölfar Covid-19					30.000					238.510	268.510
Sumarstörf 17 og 18 ára (Covid-19)										127.282	127.282
Samtals	1.366.236	100.437	276.559	512.168	461.168	267	40.500	69.402	12	387.630	3.214.380
<i>P.a. samþykktir viðaukar í borgarráði</i>	<i>0</i>	<i>5.000</i>	<i>265.649</i>	<i>192.911</i>	<i>153.000</i>	<i>0</i>	<i>40.500</i>	<i>46.772</i>	<i>0</i>	<i>387.630</i>	<i>1.091.462</i>

Halldóra Káradóttir

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs